

# Að hreinsa harðvið



## Aðferð - hreinsun

Athugið að áður en harðviður er olíuborinn skal nota sömu hreinsiaðferð hvort sem viðurinn er nýr og ómeðhöndlaður (sérstaklega tannín- og olíuríkur viður) eða grámaður viður með gamalli olíu. Ef lakkfilma er á viðnum og grámi undir henni getur þurft slípun eða málningaruppleysi fyrst til að fjarlægja lakkfilmuna. Hreinsiefnin sem nefnd eru hér fyrir neðan leysa ekki upp málningu.


1. Bleytið flötinn vel með vatni, berið Tinova Wood Cleaner pallahreinsinn á viðinn með pensli, kústi eða rúllu. Notið hanska. Látið hreinsinn liggja á viðnum í 15-30 mínútur. Forðist að láta flötinn þorna á meðan því virknin í efninu hættir ef flöturinn þornar.
2. Beitið léttum háþrýstipvotti eða skrúbbið flötinn vandlega með kústi, 2-3 metra í einu. Skolið flötinn vel með vatni uns allt hreinsiefnið hefur verið fjarlægt. Ef óhreinindin hafa ekki horfið að fullu má endurtaka þvottinn. Við þessa hreinsun dökknar viðurinn mikið.
3. Til að ná fram upprunalegum lit á harðviðinn skal bera Xyladecor harðviðarhreinsinn þykkt á rakan viðinn strax eftir hreinsun með Tinova Wood Cleaner. Látið efnið liggja á fletinum þar til hann hættir að lýsast eða í um 20 mínútur.
4. Hreinsið flötinn vandlega með vatni og hörðum svampi eða stífum kústi til að ná litnum á viðnum sem jöfnustum. Hægt er að nota léttan háþrýstipvott, en með varúð, svo viðurinn strikist síður eða ýfist upp.
5. Slípið yfir yfirborðið með sandpappír nr. 80-100. Gott er að nota þar til gerð slípiþreiti á skafti.

Látið yfirborðið þorna vel í að minnsta kosti 3-5 daga eftir aðstæðum áður en olían er borin á.

*\*Fylgið verklýsingunni „Að bera olíu á harðvið“ að lokinni hreinsun.*

## Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Athugið að kviknað getur olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta þær með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



## Tæknilegar upplýsingar

### PALLAHREINSIR: Nordsjö Tinova Wood Cleaner

**Tegund:** Alkalískur viðarhreinsir

**Þynning:** Notið helst óþynnt

**Verkfæri:** Penslar, kústar, rúllur

**Efnisnotkun:** Um 5-6 m<sup>2</sup>/l; efnismagn fer eftir vinnsluaðferð, tegund og ástandi viðarins

**Athugið:** Tinova Wood Cleaner ætir gler, ál og fleti sem eru viðkvæmir fyrir alkalí

### HARÐVIÐARHREINSIR: Xyladecor Ontgrijzer

**Tegund:** Súrt hreinsihlaup

**Þynning:** Notið óþynnt

**Verkfæri:** Penslar, rúllur, kústur, stífur svampur. Hreinsið verkfæri með vatni strax að lokinni notkun

**Efnisnotkun:** Allt að 8 m<sup>2</sup>/l; efnismagn fer eftir vinnsluaðferð, tegund og ástandi viðarins



**SÉREFNI**

Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | sími 517 0404 | serefni.is